

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 2-2020

Staður: Hvanneyri

Tími: þriðjudaginn 25. febrúar, kl. 13:00– 15:40

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Bjarni Diðrik Sigurðsson (ritar), Halldór Þorgeirsson, Þórey Gylfadóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir og nýr nemendafélagsformaður, Ágústa Rut Haraldsdóttir. Guðrún Eik Skúladóttir boðaði forföll.

Dagskrá

1. Skjalastefna. Sólveig Magnúsdóttir nýr skjalastjóri kom á fundinn.

Drög að skjalastefnu voru lögð fram á síðasta fundi háskólaráðs og Þjóðskjalasafn er búið að samþykka málalykil fyrir skólann. Unnið er að gerð verklagsreglna og ráðgert er að kynna innleiðinguna fyrir starfsmönnum á næstunni. Brýnt er að fá skjalavistunarkerfi við skólann en ráðgert er að fylgja HÍ í þeim efnum. Þar sem mál hafa tafist innan HÍ hefur verið óskað eftir tilboðum frá þremur aðilum. Sólveig mun setja upp innleiðingaráætlun með forgangsröðun verkefna.

Bætt var við stefnuna tilvísunum í lög um háskóla og lög um opinbera háskóla. Þá var óskað eftir því að skilgreiningum á orðunum: skjöl, mál og gögn yrði bætt við. Stefnan verður síðan send út til háskólaráðs til samþykktar.

Sólveig vék af fundi.

2. Starfsreglur um háskólaráð

Umræða um að enn skorti samlestur á milli „Reglur Lbhí“ og þessa skjals varðandi hugtakanotkun. Afgreiðslu frestað þar til að Reglur Lbhí eru frágengnar.

3. Reglur Lbhí um stjórnunar- og aðstöðugjald verkefna lagðar fram til kynningar.

Almenn umræða fór fram.

Halldór vék af fundi.

4. Skipun gæðanefndar til tveggja ára til samþykktar.

Nefndin er skipuð Guðmundu Smáradóttur mannauðs- og gæðastjóra og Sólveigu Magnúsdóttur upplýsinga- og skjalastjóra.

Háskólaráð staðfesti skipunina.

5. Samningur ANR

Samningur við ANR var undirritaður sl. föstudag á Hvanneyri. Samningurinn gildir frá 1. mars 2020 til loka febrúar 2023. Samningurinn styður við stefnu skólans og varðar leiðina til framtíðar.



Það var einstaklega ánægjulegt að vinna að samningnum með ANR og fá ráðherra í heimsókn að Hvanneyri.

6. Kynning á Loftslagsráði – hvað getur Lbhí gert? – umræður
Frestað.

7. Hollvinafélag Landbúnaðarháskóla Íslands – umræður
Frestað.

8. Mið-Fossar - umræður

Almennar umræður um stöðu mála. Ráðherrar og þingmenn hafa heimsótt Mið-Fossa að undanförunu og fengið kynningu á aðstöðunni og hversu brýn hún er skólanum.

9. Til upplýsingar

- a. Lagður hefur verið grunnur að auknu samstarfi við Menntaskóla Borgarfjarðar um “Náttúrufræðibraut – Garðyrkju- og búfræðisvið” og í undirbúningi er að tala við fleiri framhaldsskóla um sambærilegt samstarf.
- b. Ráðherrar og þingmenn annars vegar Vinstri grænna og hins vegar Framsóknarflokks heimsóttu Hvanneyri þriðjudaginn 11. febrúar sl. og ráðherra og þingmenn Sjálfstæðisflokks komu í heimsókn föstudaginn 21. febrúar sl. Voru heimsóknirnar afar vel heppnaðar og umræður skapandi og fjörugar.
- c. Tveir kandiðatar í stöðu lektors í skipulagsfræði/landslagsarkitektúr komu til landsins og kynntu sig fyrir starfsmönnum og nemendum.
- d. Sjö umsóknir bárust um stöðu lektors í landupplýsingum (GIS) og fjarkönnun.
- e. Auglýst hefur verið eftir lektorum í búfjárrækt og jarðrækt og fjósameistara á Hvanneyri.
- f. Drög að starfsáætlun skólaársins 2020-2021 kynnt.
- g. Árshátíð og ársfundur skólans er í undirbúningi og fyrirhugað að halda hvoru tveggja á sama degi.

10. Önnur mál

- a. Umræða að ná nýrri framkvæmdastjórn og háskólaráði saman í einn dag til styrkja öflugt stjórnunarteymi innan skólans. Halldór hefur frumkvæði að þessu með rektor.
- b. Reglur Lbhí. Við þurfum að afgreiða þær sem fyrst og auglýsa.
- c. Umræða um viðbrögð Lbhí ef kemur til tilmæla að skólum verði lokað vegna KOVID-19 smits. Komið hefur beiðni frá menntamálaráðaneytinu um gerð viðbragðsáætlunar og mun Öryggisnefnd koma saman til fundar á morgun vegna þessa.

Fundi slitið 15:40

Næsti fundur verður 30. mars kl 13:30 á Reykjum.

Fundargerð samþykkt per capsulam með tölvupósti.

